

Fimmtudaginn 9. nóvember 1995.

Nr. 326/1993. **Sjóvá-Almennar tryggingar hf.**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Gunnari Ingibergssyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

og gagnsök

Skaðabætur. Bifreiðir. Slysatrygging ökumanns. Líkamstjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. ágúst 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að sér verði einungis gert að greiða 244.800 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. ágúst 1990 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til réttarins með stefnu 7. október 1993. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 2.535.735 krónur með tilgreindum ársvöxtum frá 28. ágúst 1990 til 16. apríl 1992 og síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er örorkutjónsútreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 1. nóvember 1995, þar sem hann reiknar út fjártjón gagnáfrýjanda með hliðsjón af skerðingu á starfsorku hans til heimilisstarfa. Er meðal annars sýndur útreikningur á tjóni, eins og reiknað hefði verið 19. desember 1991, en aðrir útreikningar sama tryggingafræðings, sem getið er í héraðsdómi, eru dagsettir þann dag. Er þá reiknað með 6% afvöxtun verðmætis heimilisstarfa.

Tekið er fram í hinum nýja útreikningi, að samkvæmt ósk gagnáfrýjanda sé miðað við, að fjögur börn séu í heimili. Þegar þannig háttar til og heimilisstörfín eru stunduð eingöngu, miðar trygginga-

fræðingurinn ígildi tekna vegna heimilisstarfa við laun eftir þrjú ár samkvæmt fastlaunasamningi Íðju, félags verksmiðjufólks, fyrir starfsfólk í matvælaíðnaði að viðbættum 20%. Í desember 1991 hafi slík laun verið 59.142 krónur á mánuði eða 709.700 krónur á ári. Á þeirri forsendu verði höfuðstólsverðmæti tekjutaps vegna heimilisstarfa á slysdegi 221.000 krónur vegna tímabundinnar örorku og 970.600 krónur vegna varanlegrar örorku.

II.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hafði gagnáfrýjandi átt við að stríða langvarandi veikindi í baki, er hann varð fyrir slysi því 28. ágúst 1990, sem mál þetta er sprottið af. Fyrir dómi hefur hann skýrt svo frá, að einkenna sjúkdómsins hafi fyrst orðið vart um 1974. Eftir það hafi hann smám saman ágerst með þeim afleiðingum, að árið 1987 hafi gagnáfrýjandi neyðst til að hætta störfum sem matsveinn. Frá þeim tíma hafi hann aðallega sinnt heimilisstörfum. Um launatekjur hafi ekki verið að ræða utan þær, sem hann aflaði með gæslustörfum í skipum. Þeim störfum hafi hann svo alveg hætt um áramót 1990-1991. Árið 1987 hafi gagnáfrýjanda verið metin 75% örorka á grundvelli 12. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. nú sömu grein laga nr. 117/1993. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að sú örorka sé enn óbreytt. Fyrir héraðsdómi skýrði gagnáfrýjandi svo frá, að síðastliðin tíu ár hefði sjúkdómurinn haldist að mestu í sama horfi.

Ekki hefur verið hnekkð því mati, að gagnáfrýjandi hafi við slysið hlotið 10% varanlega lækisfræðilega örorku. Verður það lagt til grundvallar dómi. Á hinn bóginn er ljóst, að heilsufar gagnáfrýjanda var fyrir slysið með þeim hætti, að geta hans til tekjuöflunar utan heimilis var mjög skert. Eins og málið liggur fyrir, hafa ekki verið leiddar að því líkur, að gagnáfrýjandi hefði náð fullri starfsorku og getað tekið upp fyrri störf sín, ef slysið hefði ekki borið að höndum. Verður ekki á það fallist, að ákvarða beri tekjutjón hans vegna slyssins með hliðsjón af meðaltekjum iðnaðarmanna í fullu starfi, svo sem gagnáfrýjandi krefst. Verður tjón hans þannig ákvarðað með hliðsjón af því, sem hann gat vænst að geta starfað, eins og heilsu hans var komið, er slysið varð. Í samræmi við dómaframkvæmd verður við ákvörðun bóta litið til tekjuöflunar tjónþola

sjálfs síðustu ár fyrir slys. Auk þess koma heimilisstörf gagnáfrýjanda síðustu ár fyrir slysið til mats við ákvörðun bóta.

III.

Á þeim tíma, er gagnáfrýjandi slasaðist, var hann í endurhæfingu á Reykjalundi vegna baksjúkdóms síns. Dvaldist hann þar fram í nóvember 1990. Verða honum því dæmdar bætur vegna tímabundinnar örorku fyrir tekjumissi og heimilisstörf frá lokum þess mánaðar.

Bætur fyrir tímabundna örorku vegna tekjumissis og heimilisstarfa verða samkvæmt þessu 60.000 krónur. Bætur fyrir varanlega örorku vegna beggja þessara tjónspátta þykja hæfilega ákveðnar 990.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til hagræðis við skattfrelsi og eingreiðslu bóta. Krafa um bætur fyrir töpuð lífeyrisréttindi verður tekin óskert til greina með 12.000 krónum.

Aðaláfrýjandi mótmælir sérstaklega greiðslu miskabóta með þeim rökum, að skylda til greiðslu slíkra bóta hvíli ekki á honum á grundvelli þeirrar tryggingar, sem gagnáfrýjandi byggir rétt sinn á. Í almennum skilmálum fyrir slysatryggingu ökumanns og eiganda sem farþega samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er tekið fram, að um ákvörðun bóta fari eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Bótafjárhæðin miðast því við tjón í hverju einstöku tilviki og þá jafnframt ófjárhagslegt tjón, ef því er að skipta. Að þessu virtu verður ekki fallist á mótmæli aðaláfrýjanda. Þykja miskabætur úr hans hendi til gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda samtals 1.262.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði. Þá greiði aðaláfrýjandi málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði gagnáfrýjanda, Gunnari Ingibergssyni, 1.262.000 krónur með 3% ársvöxtum frá 28. ágúst 1990 til 1. október sama ár, 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst

sama ár, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,75% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember sama ár, 3,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 3% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 2% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars sama ár, 1,25% ársvöxtum frá þeim degi til 16. apríl sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 500.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., er höfðað með framlagningu skjala í dómi 30. júní sl.

Stefnandi er Gunnar Ingibergsson, kt. 271254-3859, Ljósabergi 28, Hafnarfirði.

Stefndi er Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2.535.735 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda er þess aðallega krafist, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að stefndi verði einungis dæmdur til greiðslu á hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Þá er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Hinn 28. ágúst 1990 ók stefnandi bifreið sinni, KC-343, sem leið liggur norður Trönuhraun í Hafnarfirði. Beygði stefnandi bifreiðinni til vinstri að bílaverkstæðinu Ásnum og þvert í veg fyrir bifreiðina R-38664, sem ekið var suður Trönuhraun, svo að allharður árekstur varð með bifreiðunum. Tilkynnt var um áreksturinn til lögreglu kl. 18.07 umræddan dag. Stefnandi leitaði kl. 19.26 að kvöldi sama dags á slysadeild Borgarspítalans. Kemur fram í vottorði Brynjólfs Jónssonar læknis, að stefnandi hafi verið án bílbeltis greint sinn. Kvartaði stefnandi undan verkjum og óþægindum í hálsi og niður á milli herðablaða. Fannst stefnanda hann vera hálf dofinn í vinstri hendi, en þó ekki máttlaus, og jafnframt fannst honum óþægilegt að beygja

höfuðið til hliðanna og fram á við. Stefnandi kom aftur í skoðun 6. september og 9. október s. á., en í síðara skiptið fór fram endurmat. Í áliti læknisins segir, að um greinilega tognun á hálsliðum hafi verið að ræða. Hafi hálsliða- og vöðvaeinkenni verið alllangan tíma á eftir, en „subjectiv“ og „objectiv“ einkenni verið minnkandi sex vikum eftir slysið. „Prognosan“ sé nokkuð góð. Búast megi við langvarandi minni háttar óþægindum, en eftirlit og áframhaldandi þjálfun sé ónauðsynleg að sinni.

Í málinu liggur fyrir vottorð Jóhanns Ágústs Sigurðssonar, yfirlæknis á heilsugæslustöðinni Sólvangi í Hafnarfirði, dagsett 6. nóvember 1990. Í vottorðinu kemur m. a. fram, að er stefnandi lenti í umferðarslysi því, sem mál þetta er sprottið af, hafi hann verið í sjúkraþjálfun á Reykjalundi vegna annars sjúkdóms, „spondylitis ankylopoetica“, og sé hann mjög slæmur af kölkun í hrygg á mjóbaki og upp í brjósthyrugg. Virðist hálsliðir þó hafa sloppið við kölkun og stefnandi alla tíð verið nokkuð liðugur í hálsinum. Í niðurstöðu læknisins segir, að stefnandi hafi verið með alvarlegan og „aktivan“ sjúkdóm í stoðkerfi, með bambushrygg og verið í sjúkraþjálfun á Reykjalundi frá því í júlí 1990. Hann hafi fengið „whiplash“-einkenni við bílslysið 28. ágúst s. á., sem síðan hafi þróast yfir í „rest“-einkenni með doða í vinstri helmingi andlits og höfuðs, og sé sjúklingur enn í rannsókn-um og meðferð á Reykjalundi af þeim sökum. Hafi hann verið óvinnufær allan tímann og sé enn. Virðist svo sem hann sé orðinn tiltölulega góður af fyrri meinum og vinnugeta nú fyrst og fremst takmörkuð vegna afleiðinga ofangreinds bílslyss.

Atli Þór Ólason læknir mat örorku stefnanda, og er matsgerð hans dagsett 11. september 1991. Í matinu kemur fram, að eftir umferðarslysið 28. ágúst 1990 hafi stefnandi orðið tvisvar fyrir líkamsárásum árið 1991, en ekki fundið til neinna sérstakra óþæginda eða aukningar óþæginda frá hálsi, öxlum eða höndum. Þá segir í vottorðinu, að stefnandi hafi 2. september 1991 ekið í veg fyrir bifhjól í Hafnarfirði, svo að af hafi hlotist árekstur, en stefnandi ekki sagst hafa fundið til aukinna óþæginda í hálsi, öxlum eða höndum, og hafi óþægindin sökum slyssins 28. ágúst 1990 ekki aukist eða breyst neitt við þetta slys. Í samantekt og áliti læknisins kemur m. a. fram, að stefnandi hafi fyrir slysið 28. ágúst 1990 þegar verið metinn til 75% almennrar örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna alvarlegs hryggsjúkdóms, bambushryggjar, afleiðinga af brjósklosaðgerð frá 1979 svo og magasjúkdóms. Gert sé ráð fyrir, að stefnandi hafi í slysi því, sem hér er til meðferðar, hlotið tognun á mjúka vefi hálsins, þ. e. vöðva, vöðvafestur, liðbönd og hugsanlega liðfleti smáliða í hálsi, er leitt hafi til hluta af þeim óþægindum, er hann hafi nú frá hálsi og öxl. Þá sé hugsanlegt, að hann hafi hlotið væga ertingu á úttaugar til hægri handleggjar, enda þótt ekki verði greind

merki um skemmd á taug. Röntgenmyndir hafi sýnt slitbreytingar neðarlega í hálsi. Af þessum sökum sé litið svo á, að háls hryggur stefnanda hafi einungis verið að litlu leyti skaddaður vegna stoðkerfissjúkdóms hans og óþægindi þau, er hann hafi eftir slysið, megi að mestu leyti rekja til þeirra. Hins vegar beri að líta á óþægindi annars staðar í stoðkerfi sem slysinu óviðkomandi. Við mat á varanlegri örorku sé tekið tillit til álagsbundinna verkja og hreyfiskerðingar og minnkaðrar starfsgetu af þeim sökum. Sá hluti af varanlegri örorku stefnanda, er stafi frá hálsi og rekja megi beinlínis til umferðarslyssins 28. ágúst 1990, sé metinn 10%. Ekki sé unnt að sanna, að magaóþægindi þau, sem stefnandi telji sig finna í auknum mæli eftir slysið, séu til komin vegna þess, og komi þau því ekki til álita við mat á varanlegri örorku. Óþægindi stefnanda virðist ekki hafa aukist neitt við þær tvær líkamsrásir, sem hann hafi orðið fyrir, eða áreksturinn í september 1991, og hafi atburðir þessir því ekki áhrif á þá örorku, sem að ofan greinir. Er niðurstaða læknisins sem hér segir:

„Við umferðarslysið þann 28. 8. 1990 varð Gunnar Ingibergsson fyrir eftirfarandi starfsorkuskerðingu:

Tímabundin örorka:

Frá slysdegi þrjá mánuði ... 100%

Síðan í tvo mánuði 50%

Eftir það

varanleg örorka 10%.“

Í bréfi læknisins frá 24. júní 1992 tekur hann fram, að við mat á örorku stefnanda skv. ofangreindu örorkumati vegna umferðarslyssins 28. ágúst 1990 hafi varanlega örorkan verið metin miðað við fulla, óskerta starfsorku stefnanda. Bendir læknirinn á það, að við mat á almennri örorku frá Tryggingastofnun ríkisins sé stuðst við bæði læknisfræðilegar og félagslegar aðstæður, en við mat á varanlegri örorku eftir umferðarslys sé einungis stuðst við mjög strangar læknisfræðilegar forsendur. Byggist almenn örorka, metin af Tryggingastofnun ríkisins, og slysaörorka eftir umferðarslys á mismunandi forsendum, og sé þetta því ekki sambærilegt.

Á grundvelli örorkumats þessa reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur út höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á grundvelli meðaltekna iðnaðarmanna sem hér segir:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	457.500
Vegna varanlegrar örorku	–	2.009.100
Samtals	kr.	2.466.600
og verðm. tapaðra lífeyrisréttinda	–	120.500

Pá reiknaði hann einnig út höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda miðað við tekjur hans skv. skattframtölum þrjú síðustu ár fyrir slysið, og varð niðurstaða þessi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	45.400
Vegna varanlegrar örorku	–	199.400
Samtals	kr.	244.800
og verðmæti lífeyrisréttinda	–	12.000

Dómkrafa stefnanda sundurliðast þannig:

1. Tímabundin örorka	kr.	457.500
2. Varanleg örorka kr. 2.009.100		
Frád. v/skattfrelsis og eingreiðslu (15%) kr. 301.365	–	1.707.735
3. Töpuð lífeyrisréttindi	–	120.000
4. Miskabætur	–	250.000
Samtals	kr.	2.535.235

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi keypt svonefnda eiganda- og ökumannstryggingu, er tryggi ökumann skv. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Pá reisir stefnandi kröfur sínar á framangreindu örorkumati og örorkutjónsútreikningi. Um kröfu til greiðslu miskabóta vísar stefnandi til 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hafi stefnandi liðið töluverðar þjáningar eftir slysið, bæði líkamlegar og andlegar, og þær beri að bæta honum að fullu. Um vexti vísar stefnandi að sínu leyti til 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989 um breytingu á þeim lögum. Sé upphafstími vaxta ákveðinn í samræmi við reglu 15. gr. vaxtalaga. Sé þeirra þannig krafist frá 16. apríl 1992, en þær upplýsingar, sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, hafi verið sendar stefnda 16. mars 1992. Krafa um, að dráttarvöxtum sé bætt við höfuðstól á tólf mánaða fresti, sé studd 12. gr. vaxtalaga.

Af hálfu stefnda er til þess vitnað, að þegar stefnandi hafi orðið fyrir slysi því, sem mál þetta fjallar um, hafi hann þegar verið metinn 75% öryrki. Komi fram í nefndum örorkutjónsútreikningi, að umreiknaðar tekjur stefnanda síðustu þrjú ár fyrir greint slys hafi verið 145.000 kr., en þar fyrir utan hafi stefnandi fengið lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og lífeyrissjóðum. Á grundvelli þessara tekna hafi nefndur tryggingastærðfræðingur reiknað út tjón stefnanda og talist til, að tímabundin örorka hefði verið 45.500 kr.,

en varanleg 199.400 kr. Jafnframt hefði honum talist til miðað við sömu forsendur, að verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda hefði numið 12.000 kr. Stefnanda hafi verið boðnar út úr eigendatryggingunni þessar fjárhæðir að viðbættum 100.000 kr. í miska, án þess þó að viðurkennt væri, að örorka sú, er fram komi í mati dr. Atla Þórs Ólasonar, leiddi til tekjulegrar örorku. Þessu hafi stefnandi hafnað og viljað miða tjón sitt við meðaltalstekjur iðnaðarmanna.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna fyrrnefnds árekstrar. Fram komi í læknisvottorðum, að stefnandi var áður 75% öryrki og hafði alvarlegan sjúkdóm í hryggsúlu auk sjúkdóma í kviðarholi, bæði ristli og maga. Eftir að stefnandi varð fyrir slysinu, hefði hann tvisvar orðið fyrir líkamsárásum, og rúmri viku áður en hann var metinn til örorku, hefði hann lent í bílslysi. Stefnandi hafi verið í lausavinnu, þegar slysið varð, og hætt almennri vinnu nokkru áður, árið 1987. Sé því haldið fram, að starfsgeta hans hafi verið svo skert, áður en slysið varð, að tekjumöguleikar hans hafi verið hverfandi.

Þá sé ljóst, að stefnandi eigi ekki rétt til miska, en miskabætur geti menn einungis sótt til þeirra, sem valda þeim meini. Þótt gera eigi eigendatryggingu þá, sem bætur séu sóttar úr, upp skv. reglum ábyrgðartrygginga, sé þar aðeins átt við, að tjónið sé þannig reiknað. Hins vegar sé hér um að ræða slysatryggingu, og sé miski aldrei greiddur úr slysatryggingu.

Verði ekki fallist á sýknukröfu, sé því haldið fram, að aðeins eigi að dæma stefnanda til að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, og beri þá að miða við raunverulegar tekjur stefnanda, en fráleitt sé að miða tekjurnar við reiknaðar ævitekjur. Ljóst sé, að stefnandi hafi verið búinn að missa starfsorku sína að mestu eða öllu leyti, áður en slysið varð, en tryggingabætur og lífeyrissjóðsgreiðslur tapist stefnanda ekki í framtíðinni. Mótmælt sé missi lífeyrisréttinda, enda sé stefnandi þegar orðinn bótaþegi og auki ekki réttindi sín. Þá beri við ákvörðun bóta að taka tillit til hagræðis stefnanda af eingreiðslu og skattfrelsis bótanna, en draga beri að fullu frá þann skatt, sem falla myndi á reiknaðar tapaðar tekjur. Þá beri að draga frá bótum þær greiðslur, sem stefnandi hafi fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, svo og öðrum tryggingum eða greiðslum úr lífeyrissjóðum eða líta til þessara greiðslna.

Vaxtakröfu sé mótmælt og því haldið fram, að greiða eigi vexti skv. 7. gr. vaxtalaga frá slysdegi, til þess er dómur er aðfararhæfur, en dráttarvextir leggist ekki á fyrr en eftir þann tíma. Sé í þessu sambandi bent á, að annars bæri að reikna tjón stefnanda út með annarri vaxtaþrósentu.

IV.

Í niðurstöðu læknisvottorðs Jóhanns Ágústs Sigurðssonar frá 6. nóvember 1990, sem rakið er hér að framan, kemur fram, að stefnandi sé orðinn tiltölulega góður af fyrri meinum og að vinnugeta hans sé aðallega takmörkuð vegna afleiðinga bílslyss þess, sem mál þetta er sprottið af. Þá er það niðurstaða Atla Þórs Ólasonar læknis, sem mat örorku stefnanda með örorkumati 11. september 1991, að háls hryggur stefnanda hafi einungis að litlu leyti verið skaddaður vegna áðurnefnds stoðkerfissjúkdóms hans fyrir slysið og óþægindi þau, er hann hafi eftir slysið, megi að mestu leyti rekja til slitbreytinga neðarlega í hálsi vegna slyssins. Er niðurstaða læknisins sú, að sá hluti varanlegrar örorku, sem rekja megi beinlínis til umferðarslyssins 28. ágúst 1990, sé 10%. Þykir bera að leggja þessi álit lækna, sem ekki hefur verið hnekkt, til grundvallar úrlausn máls þessa.

Löng dómvenja er fyrir því, að örorkuþjón sé áætlað með hliðsjón af útreikningi tryggingafræðinga á því, hverjar þær vinnutekjur séu, sem líklegast er, að tjónþoli hafi í framtíðinni án skerðingar starfsorku. Verður að telja, að ofangreind 10% varanleg örorka stefnanda leiði til skertrar vinnugetu hans. Fær sú niðurstaða sérstaka stoð í ofangreindu læknisvottorði Jóhanns Ágústs Sigurðssonar, sem vitnað er til hér að framan, að vinnugeta stefnanda sé mestmegnis takmörkuð vegna afleiðinga bílslyss þess, sem stefnandi höfðar mál þetta út af. Skv. þessu er það skoðun dómsins, að við mat á tjóni stefnanda sé eigi fært að leggja til grundvallar útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar á höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda miðað við tekjur hans þrjú síðustu ár fyrir slysið, heldur beri að hafa hliðsjón af framangreindum útreikningi hans, miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna.

Af hálfu stefnanda er gerð krafa um miskabætur úr hendi stefnda á grundvelli 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Skv. nefndu lagaákvæði á maður almennt rétt á bótum fyrir miska úr hendi þess, sem ábyrgð ber á slysi, auk bóta fyrir fjártjón. Telja verður, að skv. gögnum málsins beri stefnandi sjálfur fulla ábyrgð á árekstri þeim, sem mál þetta er risið af, og þykir af þeim sökum breyta lagaskilyrði til að dæma honum miskabætur í máli þessu.

Skv. framansögðu þykja bætur fyrir tímabundna og varanlega örorku hæfilega ákveðnar 1.500.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bóta, svo sem dómvenja stendur til. Ber að dæma stefnda til greiðslu þeirrar fjárhæðar auk vaxta, eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði. Málskostnaður ákveðst 250.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt. Fallist er á kröfu stefnanda um dráttarvexti á málskostnað, sbr. p-lið 165. gr. laga nr. 91/1991.

Dóminn kvað upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Gunnari Ingibergssyni, 1.500.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndi greiði stefnanda 250.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur, er beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags.
